



UMHVERFISSTOFNUN

Notendaleyfi og meðferð varnarefna

Kynningarfundur UST 26. jan. 2017

Helga Ösp Jónsdóttir

Lög & reglugerð


- Efnalög nr. 61/2013.
- Reglugerð nr. 980/2015 um meðferð varnarefna.

(sett til innleiðingar á tilskipun 2009/128/EB um aðgerðarramma Bandalagsins til að ná fram sjálfbærri notkun varnarefna, einnig tekin upp ákvæði úr reglugerð nr. 350/2014 um meðferð varnarefna og notendaleyfi).

Reglugerð um meðferð varnarefna

- Markmið:
 - Vernda menn og umhverfi fyrir hugsanlegri hættu sem stafar af meðferð varnarefna.
 - Tryggja að þeir sem koma að markaðssetningu, meðferð og notkun þeirra hafi hafi nægilega þekkingu á öruggri meðferð þeirra.
 - Setja ramma fyrir því að draga úr notkun varnarefna og takmarka eða banna notkun þeirra á viðkvæmum svæðum.

Hvað eru varnarefni?



Notendaleyfi

- Aðilar sem ætla sér að nota og kaupa varnarefni í atvinnuskyni skulu sækja um notendaleyfi til Umhverfisstofnunar.
- Notendaleyfi fyrir útrýmingarefnum
- Notendaleyfi fyrir plöntuverndarvörum
- Sótt er um notendaleyfi rafrænt í gegnum Þjónustugátt á vef Umhverfisstofnunar:
<https://umsokn.umhverfisstofnun.is/web/index.html>



Notendaleyfi

- Skilyrði fyrir notendaleyfi:
 - Lokið námi eða námskeið sem fjallar um meðferð varnarefna sem og lög og reglur á því sviði.
Standast þarf próf.
 - Staðfesting frá Vinnueftirliti ríkisins að aðili hafi yfir að ráða aðstöðu og búnaði sem staðist hefur skoðun sem telst tryggja öryggi og rétta meðferð á varnarefnum.
 - Að aðili sé eldri en 18 ára.

Notendaleyfi

- Eru gefin út á einstaklinga.
- Gilda að hámarki í 5 ár.



- Endurnýjun notendaleyfis, skilyrði:
 - Frá 1. janúar 2017 skal umsækjandi hafa sótt sér viðeigandi **endurmenntun** í a.m.k. 3 kennslustundir.
 - Skoðun Vinnueftirlits á aðstöðu og búnaði.
- Gagnkvæm viðurkenning á réttindum á EES-svæðinu.
- Umhverfisstofnun birtir lista yfir þá sem hafa gild notendaleyfi á heimasíðu stofnunarinnar:

<https://www.ust.is/atvinnulif/efni/varnarefni/#Tab4>

Markaðssetning og kaup varnarefna í atvinnuskyni

- Við móttöku, kaup og notkun á varnarefnum til notkunar í atvinnuskyni skal framvísa gildu notendaleyfi.
- Ábyrgð þeirra sem markaðssetja varnarefni að þau séu eingöngu afhent handhafa gilds notendaleyfis.
- Varnarefni til notkunar í atvinnuskyni skulu ekki vera aðgengileg viðskiptavinum á sölustöðum heldur afhent sérstaklega.
- Birgjar skulu láta öryggisblöð fylgja við afhendingu.
- Þeir sem markaðssetja varnarefni skulu tilgreina ábyrgðaraðila með þekkingu á meðferð varnarefna.
- Halda skal skrá yfir sölu varnarefna ásamt upplýsingum um kaupanda, vöruheiti, magn varnarefna og afhenda Umhverfisstofnun.

Garðaúðun í atvinnuskyni

- Til að starfa við garðaúðun þarf að vera:
 - Handhafi gilds notendaleyfis fyrir plöntuverndarvörur
 - Með starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd viðkomandi sveitarfélagi.
 - Skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Garðaúðun í atvinnuskyni

- Við úðun garða má einungis:
 - Nota plöntuverndarvörur sem hafa fengið leyfi til að vera á markaði.
 - Nota tækjabúnað sem hefur verið skoðaður af Vinnueftirlitinu.
- Við úðun garða og útivistarsvæði í einkaeign eða almenningseign má ekki nota plöntuverndarvörur sem hafa lengri uppskerufrest en 14 daga.



Tækjabúnaður

- Tækjabúnaður þarf að vera skoðaður af Vinnueftirlitinu:
 - Skráning á búnaði áður en notkun hefst.
 - Skoðun búnaðar skal fara fram á 3 ára fresti.
- 19 dætur á skrá hjá Vinnueftirlitinu (gætu verið 60-70).
- Undanþága frá skoðun:
 - Handúðadætur.
 - Úðadætur sem eru bornar eru á baki.
 - Búnaður notaður til að dreifa plöntuverndarvörum sem kynni.



Varnaðarmiðar

- Setja upp áður en garðaúðun hefst.
- Á áberandi stað við innganga.
- Festir vandlega.
- Lesmál haldist skýrt á meðan fyrirmæli miðans gilda.

Varúð – Garðaúðun

Úðunarefni: Permasect C
Virkt efni: sýpermetrín, 11%

Garðurinn skal vera lokaður allri annarri umferð en bráðnaudsynlegri í 24 tíma eftir að úðun fór fram.

Ekki skal neyta matjurta sem úði hefur borist á fyrr en að lágmarki _____ dögum eftir úðun.

Úðun fór fram: 10. júní 2013 kl. 16:30

Garðaúðunin ehf
Sigurður Árnason
Haustfeti 4, 119 Reykjavík
Sími: 876-5432

Varðveisla varnarefna

- Varnarefni til almennra nota skulu geymd á:
 - tryggan hátt
 - aðskilin frá matvælum, dýrafóðri, lyfjum og snyrtivörum
 - óviðkomandi nái ekki til þeirra.
- Varnarefni sem ætluð eru til notkunar í atvinnuskyni:
 - geymd í læstum hirslum eða rými sem skulu greinilega auðkennd með viðeigandi varnaðarorðum eins og „Varúð“, „Eitur“.
 - Eftir atvikum skal aðgreina efni og efnablöndur í rýmum vegna mögulegrar hættu við blöndun þeirra.

→ Í umbúðum framleiðenda.

Förgun varnarefna


- Bannað að endurnota tómar umbúðir varnarefna.
- Skola tómar umbúðir og
 - skolvatnið notað til þýnningar í úðunarblöndu.
- Tómunum umbúðum, óþýntum og þýntum úðunarefnum skal fargað í samræmi við upplýsingar á
 - umbúðum
 - uppfærðum öryggisblöðum
 - og í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- Bannað er að hella úðunarvökva, óþýntum eða þýntum í niðurföll, ár, vötn eða sjó.

Aðgerðaáætlun um notkun varnarefna

- Ráðherra gefur út almenna aðgerðaáætlun um notkun varnarefna sem gildir í 15 ár í senn.
- Umhverfisstofnun vann tillögu að aðgerðaáætluninni í samráði við ýmsar stofnanir og hluteigandi aðila.
- Aðgerðaáætlun um notkun varnarefna hefur verið gefin út.

Takmarkanir á notkun varnarefna

- 5-10 m verndarbelti nálægt yfirborðsvatni.
- Óheimilt er að:
 - Fylla á úðunartank beint úr ám eða vötnum.
 - Dreifa eða geyma varnarefni á brunnsvæði og grannsvæði innan vatnsbóla.
 - Staðsetja stórar geymslur fyrir varnarefni á fjarsvæði innan vatnsbóla.
 - Dreifa varnarefnum úr loftförum beint á yfirborðsvatn.




Takmörkun á notkun varnarefna

- Við notkun varnarefna þarf að gera ráðstafanir til verndar vatnavistkerfi og drykkjarvatni fyrir áhrifum varnarefna:
 - Velja varnarefni sem er ekki flokkað sem „hættulegt fyrir vatnsumhverfi“ né inniheldur hættuleg forgangsefni skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
 - Velja skilvirka drefingaraðferð, t.d. með lítið úðarek.
 - Lágmarka áhættuna á mengun utan svæðisins.
 - Draga úr eins og unnt er eða útiloka dreifingu á eða meðfram vegum, yfir gegndræpt yfirborð, eða á öðrum svæðum nálægt yfirborðs- eða grunnvatni, og yfir þétt yfirborð þar sem hættu er á afrennsli í yfirborðs- eða grunnvatn.

Takmörkun á varnarefnum

- Óheimilt er að dreifa varnarefnum á friðlýstum svæðum og lykilsvæðum verndaðra tegunda.
 - Þó er heimilt að dreifa varnarefnum á ofangreindum svæðum ef dreifing:
 - a. er í það takmörkuðum mæli að ekki skapast áhætta fyrir heilsu og umhverfið
 - b. á sér stað á samfelldu, afmörkuðu svæði sem ekki er stærra en 1000 m².
- Umhverfisstofnun er heimilt í samráði við hluteigandi aðila að veita undanþágu frá vissum takmörkun í einstaka tilfellum.



Takmörkun á varnarefnum

- Óheimilt er að dreifa varnarefnum úr loftförum
- Undanþágur þó leyfðar
 - ef engir aðrir vænlegir valkostir eru fyrir hendi
 - sýnt þykir að áhrif á heilbrigði manna og umhverfið séu minni við dreifingu úr loftfari heldur en við dreifingu varnarefna á jörðu niðri
- Umhverfisstofnun veitir leyfi fyrir dreifingu varnarefna með loftförum og heldur skrár yfir slíkar heimildir.



Að lokum!

- Ávallt skal gæta varúðar við meðferð varnarefna!
- Skipta út hættulegum varnarefnum, fyrir hættuminni varnarefni sé þess kostur!
- Dreifa varnarefnum eingöngu á svæðið sem meðhöndla skal!
- Leitast við að nota samþættar varnir gegn skaðvöldum!

